

8. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps
kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

31. október 2019 kl. 14.55

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Sigfrið Lárusdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, sat fundinn vegna dagskráliða nr. 1 og 2.

FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Drög að gjaldskrá næsta árs
2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs
3. Frá leikskólastjóra:
 - a. Skýrsla skólastjóra
 - b. Starfsmannamál
4. Gátlisti, töluliðir 6 og 11
5. Úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
6. Til upplýsinga/umræðna
 - a. Könnun til foreldra um opnunartíma leikskólans
 - b. Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist
7. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Drög að gjaldskrá næsta árs

Formaður fór yfir helstu áherslur í gjaldskránni fyrir árið 2020 og drög að gjaldskrá mótneytisins þar sem almenn hækkan á liðum er um 2,5%.

Helstu breytingar eru að vistunargjald fyrir hverjar 15 mínútur utan kjarnatíma leikskólans verður 250 kr. á dag í stað 910 kr. á mánuði. Heildarupphæð á mánuði, m.v. heildarnýtingu í 21 dag, yrði þannig 5.250 kr.

Leikskólagjöld (mánaðargjöld) verða óbreytt frá fyrra ári. Einnig er sett inn í gjaldskrá skilyrði fyrir afslætti af leikskólagjöldum vegna veikinda, t.d. er miðað við 4 vikna samfelld veikindi.

Skólanefnd samþykkir gjaldskránnna, eins og hún liggar fyrir fundinum með áorðnum breytingum, þ.e. er varðandi systkinaafsláttinn.

Gjaldskrána má finna inni á heimasíðu leikskólans, undraland.is ekki síðar en um næstu áramót.

Hrunamannahreppur

KP
JRB

GD
SL

HÍRH

2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri fór yfir helstu áherslur í fjárhagsáætluninni fyrir árið 2020.

Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlunina, eins og hún liggur fyrir fundinum.

3. Frá leikskólastjóra:

a. Skýrsla skólastjóra

Starfið er nú komið í nokkuð fastar skorður en fjarvistir starfsfólks hafa þó orðið til þess að ekki er alltaf hægt að fylgja dagskipulagi en frá byrjun skólaárs og til 25. október hefur verið fullmannað hér í ellefu daga.

Allar deildir voru með kynningarfundum um miðjan september sem voru vel sóttir af foreldrum. Á þessum fundum er farið yfir starf deildanna og á hvað við erum að leggja áherslu á hér á leikskólanum. Við finnum ekki fyrir öðru en ánægju hjá foreldrum og þeir lýsa ánægju sinni með starfið.

Við höfum fengið bæði sálfræðinga og talmeinafræðinga í heimsókn til að fylgjast með börnum og einnig hafa foreldrar verið kallaðir á fundi. Nýr yfirmaður Skólapjónustu Árnesþings kíkti við til að kynna sig og sjá sig um og Haustþing FL og FSL 8. deildar var haldið í byjun október. Á Haustþinginu skiptir starfsfólk sér á fyrirlestara sem það hefur áhuga á og nýtur þess að hitta aðra leikskólastarfsmenn og bera saman bækur sínar.

Freyja, Katrín og Elma fóru á námskeið á Brautarholti á vegum Skólapjónustunnar um það hvernig við getum skipulagt tímann okkar betur og voru mjög ánægðar. Stýrihópur um Heilsueflandi leikskóla fór á vinnustofur á Stokkseyri, föstudaginn 11. október. Þessar vinnustofur voru á vegum Embættis landlæknis og áhersla þeirra voru geðrækt í leikskóla, heilsuefling starfsfólks og hagnýt dæmi í heilsueflingu.

Foreldraviðtol voru í síðustu viku og gengu þau vel. Almenn ánægja er með starfið og allt utanum hald, bæði hvað varðar börn og stuðning við foreldra.

Skólanefnd þakkar skólastjóra fyrir yfirferð á skýrslunni.

b. Starfsmannamál.

Skólastjóri og fulltrúi starfsfólks fóru yfir stöðu starfsmannamála til upplýsinga fyrir nefndina og er það mat þeirra að starfsemin sé undirmönnuð.

4. Gátlisti, töluliðir 6 og 11.

Farið var yfir töluliðina.

Töluliður nr. 6:

a) Er starfandi foreldraráð við leikskólann? Svar: Já.

KP

HRAK

Hrunamannahreppur

HD
SC

b) Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur? **Svar: Fundur var haldinn nýlega og er unnið að gerð starfsreglna.**

Töluliður nr. 11

Uppfyllir sérfræðisþjónusta sveitarfélagsins þarfir leikskólans fyrir sérfræðiþjónustu? **Svar: Já.**

Fá börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun slíka þjónustu innan leikskólans? **Svar: Er til staðar, en skortir vegna manneklu að mati skólastjóra.**

5. Úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður úttektar HES. Þar komu fram athugasemdir m.a. varðandi eldhúsið og snytingar og er búið er bæta úr þeim atriðum. Einnig varðandi samskeyti gólfduks og er það atriði í vinnslu.

Sömuleiðis komu fram athugasemdir varðandi útisvæðið og eru þau atriði í viðeigandi ferli.

6. Til upplýsinga/umræðna

a. Könnun til foreldra um opnunartíma leikskólans

Formaður fór yfir tildrog málsins varðandi opnunartíma leikskólans, þ.e. 15 mín aukalega eftir kl. 16.00. Samþykkt að formaður í samstarfi við leikskólastjóra sendi könnun rafrænt á foreldra sem bæði verði á íslensku og ensku.


b. Leiðbeinandi álit um tvöfalta skólavist

Formaður lagði fram til kynningar álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um tvöfalta skólavist barna. Niðurstaða sambandsins er að hagsmunir barns skuli ávallt vega þyngra en hagsmunir foreldra og því sé það í verkahring foreldra að aðlaga sig að þörfum og hagsmunum barna sinna þegar breyting verður á högum þeirra.

7. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

a) Gátlisti um ábyrgð skólanefnda.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 12. desember kl. 15.00.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.



 Blaðaðing
 Hanna Bj.
 Ingibjorg Þ. Óalðarsdóttir
 Sigríður Lámsdóttir

Hrunamannahreppur



 KP
 Katrin P.